

## FUNDARGERÐ

222. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn á TEAMS (af sóttvarnarástæðum), 16. desember 2020 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Brynjólfur Stefánsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Jón Ólafsson, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Mörður Árnason, Björn Ólafsson, Guðlaugur G. Sverrisson, Lára Hanna Einarsdóttir og Valgeir Vilhjálmsson. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og Sigrún Hermannsdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1) Fundargerðir

Fundargerð 221 samþykkt en verður undirrituð síðar.

### 2) Fjármál - Uppgjör nóvember og rekstraráætlun 2021

Framkvæmdastjóri fjármála fór yfir stöðuna í rekstri í nóvember og horfur í desember. Horfur varðandi afkomu ársins hafa batnað frá síðasta fundi, helstu ástæður eru að auglýsingasala gengur betur, gengisþróun hefur verið hagstæð og bætur fyrir hluta útlagðs kostnaðar verða greiddar úr ríkissjóði.

Þá var kynnt rekstraráætlun, fjárfestingaráætlun og sjóðsáætlun fyrir árið 2021. Helstu breytingar frá fyrri kynningu á síðasta stjórnarfundum er að tekjuáætlun fjárlaga hefur hækkað um 140 m.kr. og rekstrarkostnaður lækkað um 8 m.kr. Í tekjuáætlun er gert ráð fyrir að tekjur verði um 370 m.kr. lægri að nafnverði en í áætlun fyrir árið 2020. Hagræðingarvinna síðustu mánaða hafa skilað um 135 m.kr. lækkingu kostnaðar miðað við áætlun síðasta árs, þrátt fyrir hækkun launakostnaðar og verðlagshækkunar. Einnig verður árið 2021 stórt íþróttaár og alþingiskosningar verða á árinu en þetta eru stórir útgjaldaliðir. Óútfærð hagræðingarkrafa stendur nú í 168 m.kr. Lögð verður áhersla á að auka tekjur, selja eignir og hagræða meira í rekstrinum. Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir 312 m.kr. fjárfestingu á árinu og áherslan verður á verkefni sem munu leiða til hagræðingar í rekstri ásamt því að endurnýja ruv.is. Sjóðstremmisáætlun sýnir að handbært fé verður minna ef rekstar- og fjárfestingaráætlun gengur eftir, auk áætlana sem gerðar hafa verið um innkaup og greiðslur. Í lok árs 2021 er þó gert ráð fyrir að sjóðstaða verði jákvæð en sveiflist til innan ársins. Stjórnarmaður lýsti áhyggjum af tekjuáætlun, margt er óljóst varðandi efnahagslíf og sölu á auglýsingum á næsta ári og einnig komu fram áhyggjur af taprekstri í tvö ár í röð ef ekki tekst að útfæra hagræðingarkröfunu. Vel verður fylgst með framvindu mála á næstu mánuðum og tekjuáætlun endurmetin 1. febrúar n.k.

Áætlanir fyrir árið 2021 voru samþykktar af stjórn.

### 3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum frá síðasta fundi, sem einkum hafa snúið að rekstrarmálum, áætlanagerð og viðræðum vegna þjónustusamnings. Stuttlega farið yfir stöðu mála í tengslum við COVID og viðbragðsáætlun RÚV. Einnig gerð grein fyrir eftirfylgni vegna umsagna RÚV til Alþingis vegna nokkurra mála. Stuttlega vikið að nýafstöðnum fundi EBU og aðkomu RÚV að mótun menningarstefnu til ársins 2030. Loks var stuttlega gerð grein fyrir jóla- og áramótadagskrá í útvarpi og sjónvarpi sem og dagskrá í tengslum við 90 ára afmæli Ríkisútvarpsins.


### 4) Þjónustusamningur RÚV og MRN. Staða

Lítið hefur breyst frá síðasta fundi. Útvarpsstjóri hefur áfram með umboð til að klára samninginn fyrir hönd RÚV.

### 5) Önnur mál

#### Umræðupunktur:

Ábending stjórnarmanns um að fréttastofa og dagskrárgerðarfólk varist að nota málfar sem ýtt geti undir kynþáttafordóma. Útvarpsstjóri mun reifa málið við málfarsráðunaut, en áframsendir á stjórn jafnframt erindi frá málfarsráðunauti með leiðbeiningum til starfsfólks.



Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom of the page, including 'MIA', 'Jó', '35', 'LW', 'RN', and 'W'.

Fyrirspurn um hvenær FM-sendingar Rondoó hefjist á ný. Útvarpsstjóri skýrði að FM-útsendingum hefði verið hætt í sparnaðarskyni og ekki fyrirjónlegt að þær yrðu teknar upp aftur á næstunni. Rondó sé enn í boði, en ekki á FM.

Útvarpsstjóri þakkaði stjórn samstarfið á árinu.

Umræða um hvort tímabært væri að endurskoða samstarf RÚV og kirkjunnar. Útvarpsstjóri benti á að RÚV væri opinn miðill og óski önnur trúfélög eftir aðkomu að miðlinu verði það skoðað.

Næsti fundur 27. janúar kl. 16.15

Fundi slitið.

Samant.  
Ejón P. Ólafsson  
Andi Gunnar  
Válfur Vignarsson  
Fagnir H. Jónsson  
Elliott Jónsson  
Jón Ólafsson  
Dóra Samra Einarsson  
Brynjólfur Steinarsson  
Mósa